

M-77/2017. Álit 11. apríl 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-77/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rafmagnsvespu af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst bóta vegna afhendingardráttar og að ábyrgð á vespunni verði framlengd vegna afhendingardráttarins.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt rafmagnsvespu af seljanda fyrir 79.990 krónur og talið sig eiga að fá hana afhenta í kringum 10. september 2017 en fékk hana ekki afhenta fyrr en 5. október 2017. Krefst álitsbeiðandi bóta vegna afhendingardráttarins og að tveggja ára kvörtunarfrestur verði framlengdur vegna dráttarins.

Hinn 24. október 2017 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda líkt og greiðslukvittun fyrir kaupunum og gögnum sem staðfesta áætlaðan afhendingardag. Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson